



**SAMANDREGINN ÁRSHLUTAREIKNINGUR SAMSTÆÐUNNAR**  
**1. MARS TIL 30. NÓVEMBER 2024**



**Bananar**



ELDUM  RÉTT

**HAGKAUP**

**olis**

**STÓRKAUPI**

**ZARA**

# EFNISYFIRLIT

---

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra .....	3
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Eiginfjárfirlit .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# SKÝRSLA OG YFIRLÝSING STJÓRNAR OG FORSTJÓRA

Hagar hf. („félagið“) er verslunarfyrtæki með starfsemi á Íslandi en félagið er leiðandi á íslenskum matvöru-, sérvöru- og eldsneytismarkaði. Í lok tímabilsins starfrækti félagið 40 matvöruverslanir, 22 Olís þjónustustöðvar, 43 ÓB-stöðvar, tvö vöruhús, eina framleiðslustöð, eina netverslun með matarpakka, eina birgðaverslun, eina sérvöruverslun og eina netverslun með áfengi. Kjarnastarfsemi Haga er á sviði matvöru og tengdra vöruhúsa, auk eldsneytissölu.

Árshlutareikningur Haga hf. fyrir tímabilið 1. mars til 30. nóvember 2024 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn samanstendur af samandregnum samstæðureikningi Haga hf. og dótturfélaga þess, sem vísað er til sem samstæðunnar.

## Rekstur tímabilsins og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu var hagnaður af rekstri samstæðunnar að fjárhæð 3.964 millj. kr. (2023/24: 3.853 millj. kr.). Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 10.881 millj. kr. (2023/24: 10.223 millj. kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 83.890 millj. kr. (árslok 2023/24: 77.214 millj. kr.). Eigið fé í lok tímabilsins nam 29.669 millj. kr. (árslok 2023/24: 28.188 millj. kr.) og var eiginfjárhlutfall 35,4% (árslok 2023/24: 36,5%).

Rekstur gekk vel á þriðja ársfjórðungi 2024/25 og var í samræmi við áætlanir. Afkoma tímabilsins var nokkuð betri en á fyrra ári. Þar munar m.a. um sterkan ársfjórðungs hjá Olís, þar sem nokkuð hagfelldar hreyfingar á heimsmarkaðsverði olíu, í samanburði við fyrra ár, og einskiptistekjur vegna sóluhagnaðar fasteignar styðja við afkomu. Vörusala samstæðunnar í heild stóð í stað á fjórðungnum, en framlegð í krónum jókst um ríflega 9%. Rekstrarkostnaður hækkaði um 10,1% milli ára en EBITDA afkoma fjórðungsins hækkaði um 13,1% frá fyrra ári. Heildarhagnaður jókst um 24,6% milli ára.

Þann 22. október 2024 var greint frá því að Hagar hf. og eigendur P/F SMS í Færeyjum hefðu undirritað skilyrt samkomulag um kaup og sölu á öllu hlutafé í SMS. Þann 27. nóvember 2024 var endanlegur kaupsamningur vegna viðskiptanna undirritaður. Uppgjörsdagur vegna kaupanna var mánudagurinn 2. desember 2024 og mun SMS því verða hluti af samstæðuuppjöri Haga á síðasta fjórðungi rekstrarársins 2024/25, þ.e. áhrifa í rekstri mun gæta frá og með þeim tíma auk þess sem eignarhlutur verður þá bókfærður. Nánari upplýsingar má finna í skýringu 19.

Afkomuspá stjórnenda fyrir rekstrarárið 2024/25 gerir ráð fyrir að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) verði á bilinu 14.000–14.500 millj. kr. en afkomuspáin var hækkuð í lok ársfjórðungs samhliða tilkynningu um kaup félagsins á SMS í Færeyjum. Fjárhagsleg staða samstæðunnar er sterk og er fjármögnun tryggð. Aðgangur að skammtímafjármögnun í formi lánalína, að fjárhæð 4,5 ma. kr. og USD 12,5 millj. er tryggður en einnig hefur félagið undanfarið nýtt sér skammtímafjármögnun í formi víxlaútgáfu. Útgáfa víxlanna er í samræmi við grunnlýsingu 10 ma. kr. útgáfuramma sem stjórn félagsins hefur samþykkt. Gera má ráð fyrir að félagið nýti sér áfram markaðsfjármögnun á næstu misserum.

Þann 26. september 2024 var tilkynnt um að Olís, dótturfélag Haga, hafi ásamt meðeigendum sínum komist að samkomulagi um að hefja formlegt sölufélag á eignarhlutum félaganna í Olíudreifingu. Borist hafa óskuldbindandi tilboð í félagið en ekki liggur fyrir nein víska á þessu stigi hvort framangreint ferli muni leiða til skuldbindandi tilboða í Olíudreifingu, sem gæti lokið með sölu á félaginu. Nánari upplýsingar má finna í skýringu 20.

## Hlutafé og hluthafar

Skráð hlutafé félagsins nam í lok tímabilsins 1.106 millj. kr. Hver hlutur er ein króna að nafnverði. Allir hlutir eru í sama flokki og njóta sömu réttinda.

Hluthafar voru 968 í byrjun rekstrarársins og 909 í lok nóvember 2024.

Þann 30. maí 2024 samþykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa sem nemur 50% hagnaði síðasta reikningsárs eða samtals 2.522 millj. kr. Arðurinn var greiddur þann 7. júní 2024.

# SKÝRSLA OG YFIRLÝSING STJÓRNAR OG FORSTJÓRA, FRH.:

---

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra gefur samandreginn árs hlutareikningur samstæðunnar glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 30. nóvember 2024, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 30. nóvember 2024 og breytingum á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningskilastaðal, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árs hlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar, og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Haga hf. hafa í dag farið yfir árs hlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 30. nóvember 2024 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Árs hlutareikningurinn er undirritaður með rafrænum hætti í samræmi við lög nr. 55/2019, um rafræna auðkenningu og traustþjónustu um rafræn viðskipti.

Reykjavík, 16. janúar 2025

## Stjórn:

---

Eiríkur S. Jóhannsson, formaður

---

Eva Bryndís Helgadóttir, varaformaður

---

Davíð Harðarson, meðstjórnandi

---

Jensína Kristín Böðvarsdóttir, meðstjórnandi

---

Sigríður Olgeirsdóttir, meðstjórnandi

## Forstjóri:

---

Finnur Oddsson

# REKSTRARREIKNINGUR OG YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU

## 1. MARS TIL 30. NÓVEMBER 2024

	Skýr.	Þriðji ársfjórðungur		Þrjú ársfjórðungar	
		2024	2023	2024	2023
		1.9.-30.11.	1.9.-30.11.	1.3.-30.11.	1.3.-30.11.
Vörusala .....		43.659	43.683	134.305	130.482
Kostnaðarverð seldra vara .....		( 33.774)	( 34.621)	( 104.709)	( 103.445)
<b>Framlegð</b> .....		9.885	9.062	29.596	27.037
Aðrar rekstrartekjur .....		341	139	604	543
Laun og launatengd gjöld .....		( 4.444)	( 4.094)	( 13.069)	( 11.907)
Annar rekstrarkostnaður .....		( 2.129)	( 1.877)	( 6.250)	( 5.450)
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)</b> .....		3.653	3.230	10.881	10.223
Afskriftir .....	7	( 1.283)	( 1.285)	( 3.895)	( 3.767)
<b>Rekstrarhagnaður</b> .....		2.370	1.945	6.986	6.456
Hrein fjármagnsgjöld .....	8	( 658)	( 625)	( 2.193)	( 1.890)
Áhrif hlutdeildarféлага .....		40	60	192	209
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....		1.752	1.380	4.985	4.775
Tekjuskattur .....		( 361)	( 264)	( 1.021)	( 922)
<b>Heildarhagnaður tímabilsins</b> .....		1.391	1.116	3.964	3.853
<b>Hagnaður á hlut:</b>					
Grunnhagnaður á hlut .....		1,29	1,03	3,66	3,50
Þynntur hagnaður á hlut .....		1,26	1,01	3,59	3,43

Skýringar á blaðsíðum 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

## EFNAHAGSREIKNINGUR 30. NÓVEMBER 2024

	Skýr.	30.11.2024	29.2.2024
<b>Eignir</b>			
Rekstrarfjármunir .....		22.213	22.410
Fjárfestingarfasteignir .....		3.832	3.841
Óefnislegar eignir .....		13.074	12.835
Leigueignir .....	9	11.466	11.252
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....		5.519	5.517
Aðrar langtímaeignir .....		219	230
Fastafjármunir samtals		56.323	56.085
Vörubirgðir .....	10	13.562	13.068
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	11	12.471	6.234
Handbært fé .....		1.534	1.827
Veltufjármunir samtals		27.567	21.129
<b>Eignir samtals</b>		83.890	77.214
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....		1.084	1.084
Bundið eigið fé .....	12	8.475	8.928
Óráðstafað eigið fé .....		20.110	18.176
Eigið fé samtals		29.669	28.188
<b>Skuldir</b>			
Vaxtaberandi langtímaskuldir .....	13	13.756	11.286
Leiguskuldir .....	14	10.036	9.660
Tekjuskattsskuldbinding .....		3.214	2.193
Langtímaskuldir samtals		27.006	23.139
Vaxtaberandi skammtímaskuldir .....	13	6.027	5.818
Leiguskuldir .....	14	2.631	2.579
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	15	18.557	17.490
Skammtímaskuldir samtals		27.215	25.887
Skuldir samtals		54.221	49.026
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		83.890	77.214

Skýringar á blaðsíðum 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# EIGINFJÁRYFIRLIT

## 1. MARS TIL 30. NÓVEMBER 2024

	Skýr.	Hlutfé	Bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé Samtals
<i>Breytingar á eigin fé 1. mars til 30. nóvember 2023</i>					
Eigið fé 1. mars 2023 .....		1.119	7.290	19.522	27.931
Endurkaup á eigin bréfum .....	(	22)		( 1.478)	( 1.500)
Endurkaup á eigin bréfum - ógild .....	(	13)		( 820)	( 833)
Heildarhagnaður tímabilsins .....				3.853	3.853
Breyting á bundnu eigin fé .....	12		551	( 530)	21
Greiddur arður, 2,24 kr. á hlut .....				( 2.475)	( 2.475)
Eigið fé 30. nóvember 2023 .....		<u>1.084</u>	<u>7.841</u>	<u>18.072</u>	<u>26.997</u>

### *Breytingar á eigin fé 1. mars til 30. nóvember 2024*

Eigið fé 1. mars 2024 .....		1.084	8.928	18.176	28.188
Uppgjör kaupréttarsamninga .....				10	10
Heildarhagnaður tímabilsins .....				3.964	3.964
Breyting á bundnu eigin fé .....	12		( 453)	482	29
Greiddur arður, 2,33 kr. á hlut .....				( 2.522)	( 2.522)
Eigið fé 30. nóvember 2024 .....		<u>1.084</u>	<u>8.475</u>	<u>20.110</u>	<u>29.669</u>

Þann 30. maí 2024 samþykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa sem nemur 50% hagnaði síðasta reikningsárs eða samtals 2.522 millj. kr. Arðurinn var greiddur þann 7. júní 2024.

Áhrifa af afhendingu eigin bréfa í viðskiptum Haga með SMS gætir ekki fyrr en á fjórða ársfjórðungi rekstrarársins þegar formlega er tekið við eignarhlutum. Sjá nánari upplýsingar í skýringu 19.

Skýringar á blaðsíðum 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# SJÓÐSTREYMISYFIRLIT

## 1. MARS TIL 30. NÓVEMBER 2024

	Skýr.	Þriðji ársfjórðungur		Þrjár ársfjórðungar	
		2024	2023	2024	2023
		1.9.-30.11.	1.9.-30.11.	1.3.-30.11.	1.3.-30.11.
<b>Rekstrarhreyfingar</b>					
Hagnaður tímabilsins .....		1.391	1.116	3.964	3.853
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Söluhagnaður .....		( 171)	( 2)	( 178)	( 148)
Afskriftir .....	7	1.283	1.285	3.895	3.767
Hrein fjármagnsgjöld .....	8	658	625	2.193	1.890
Áhrif hlutdeildarféлага .....		( 40)	( 60)	( 192)	( 209)
Tekjuskattur .....		361	264	1.021	922
Aðrir liðir .....		( 11)	0	54	35
Veltufé frá rekstri		<u>3.471</u>	<u>3.228</u>	<u>10.757</u>	<u>10.110</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum .....		685	( 656)	( 1.553)	( 1.779)
Breytingar á rekstrartengdum skuldum .....		( 518)	( 341)	1.910	1.107
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		<u>3.638</u>	<u>2.231</u>	<u>11.114</u>	<u>9.438</u>
Innheimtar vaxtatekjur .....		72	31	169	61
Greidd vaxtagjöld .....		( 721)	( 641)	( 2.114)	( 1.637)
Greiddur tekjuskattur .....		( 294)	( 377)	( 917)	( 832)
Handbært fé frá rekstri		<u>2.695</u>	<u>1.244</u>	<u>8.252</u>	<u>7.030</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>					
Fjárfesting í fasteignum .....		( 202)	( 63)	( 291)	( 990)
Söluverð fasteigna .....		0	0	0	263
Fjárfesting í áhöldum og innréttingum .....		( 579)	( 606)	( 1.420)	( 2.233)
Söluverð áhalda og tækja .....		7	2	34	38
Fjárfesting í fjárfestingarfasteignum .....		( 58)	( 12)	( 107)	( 516)
Söluverð fjárfestingarfasteigna .....		204	0	204	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....		( 224)	( 162)	( 576)	( 597)
Fjárfesting í P/F SMS .....	19	( 5.191)	0	( 5.191)	0
Mótttekinn arður frá hlutdeildarfélagum .....		0	0	190	244
Fjárfesting í df. að frádr. yfirteknu handbæru fé .....		0	( 30)	0	( 30)
Langtímaeignir, breyting .....		( 15)	( 9)	0	( 186)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>( 6.058)</u>	<u>( 880)</u>	<u>( 7.157)</u>	<u>( 4.007)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>					
Keypt eigin bréf .....		0	( 1.500)	0	( 2.333)
Greiddur arður .....		0	0	( 2.522)	( 2.475)
Nýjar vaxtaberandi langtímaskuldir .....	13	2.560	2.000	2.560	2.000
Afborganir langtímalána .....	13	( 2.612)	( 111)	( 2.834)	( 332)
Leiguskuld afborganir .....	14	( 426)	( 446)	( 1.262)	( 1.369)
Vaxtaberandi skammtímaskuldir, breyting .....		2.391	( 1.150)	2.670	500
Fjármögnunarhreyfingar		<u>1.913</u>	<u>( 1.207)</u>	<u>( 1.388)</u>	<u>( 4.009)</u>
<b>Lækkun á handbæru fé</b> .....		( 1.450)	( 843)	( 293)	( 986)
<b>Handbært fé í upphafi tímabils</b> .....		<u>2.984</u>	<u>2.726</u>	<u>1.827</u>	<u>2.869</u>
<b>Handbært fé í lok tímabils</b> .....		<u>1.534</u>	<u>1.883</u>	<u>1.534</u>	<u>1.883</u>

Skýringar á blaðsíðum 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.



# SKÝRINGAR

## 1. Félagið

Hagar hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Holtavegi 10, Reykjavík. Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. mars 2024 til 30. nóvember 2024 hefur að geyma samstæðu árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“. Aðalstarfsemi félagsins er rekstur smásöluverslana og sala á eldsneyti. Yfirlit yfir félög í samstæðunni má finna í skýringu 16.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### *Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt*

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS) um árshlutareikninga, IAS 34, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði þann 29. febrúar 2024.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn þann 16. janúar 2025.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði þann 29. febrúar 2024. Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, [www.hagar.is](#).

Árshlutareikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna.

## 4. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

## 5. Viðskiptavild

Engar vísbendingar voru um virðisrýrnun viðskiptavildar þann 30. nóvember 2024 og vegna þess var virðisrýrnunarpróf ekki framkvæmt.

## 6. Starfspáttayfirlit

Starfspáttir samstæðunnar eru tveir, verslanir og vöruhús annars vegar og Olís hins vegar. Starfsemi verslana og vöruhúsa er nær eingöngu í smásölurekstri matvöru á Íslandi. Stjórnendur leggja mat á smásöluverslun eftir mismunandi tegundum verslana og landsvæðum og líta svo á að hún byggist á sambærilegum efnahagslegum einkennum, vörum, viðskiptavinum og birgjum. Heildsölurekstur matvöru og smásölurekstur sérvöru er óverulegur og undir þeim tekju-, hagnaðar- og eignamörkum sem hafa ber til viðmiðunar við gerð starfspáttayfirlits. Starfsemi Olís er að stærstum hluta í sölu eldsneytis og þjónustu sem því tengist.

## SKÝRINGAR, FRH.:

### 6. Starfspáttayfirlit, frh.:

	Verslanir og vöruhús	Olís ehf.	Jöfnunar- færslur	Samtals
<i>Fyrstu 9 mánuðir 2024/25</i>				
Vörusala .....	94.682	40.266 (	643)	134.305
Aðrar rekstrartekjur .....	549	265 (	210)	604
<b>Heildartekjur starfspáttá</b> .....	<b>95.231</b>	<b>40.531 (</b>	<b>853)</b>	<b>134.909</b>
Heildarretrargjöld starfspáttá .....	( 87.340)	( 37.541)	853	( 124.028)
<b>EBITDA starfspáttá</b> .....	<b>7.891</b>	<b>2.990</b>	<b>0</b>	<b>10.881</b>
Afskriftir starfspáttá .....	( 2.989)	( 906)	0	( 3.895)
Áhrif hlutdeildarféлага .....	39	153	0	192
<b>Rekstrarafkoma starfspáttá</b> .....	<b>4.941</b>	<b>2.237</b>	<b>0</b>	<b>7.178</b>
Hrein fjármagnsgjöld .....	( 1.780)	( 413)	0	( 2.193)
Tekjuskattur .....				( 1.021)
<b>Hagnaður tímabilsins</b> .....				<b>3.964</b>
<b>30. nóvember 2024</b>				
Eignir starfspáttá .....	60.791	23.099	0	83.890
<b>Eignir samtals</b> .....				<b>83.890</b>
Skuldir starfspáttá .....	44.343	9.878	0	54.221
<b>Skuldir samtals</b> .....				<b>54.221</b>
Fjárfestingar starfspáttá (nettó) .....	1.639	517	0	2.156
<i>Fyrstu 9 mánuðir 2023/24</i>				
Vörusala .....	89.730	41.503 (	751)	130.482
Aðrar rekstrartekjur .....	579	158 (	194)	543
<b>Heildartekjur starfspáttá</b> .....	<b>90.309</b>	<b>41.661 (</b>	<b>945)</b>	<b>131.025</b>
Heildarretrargjöld starfspáttá .....	( 82.956)	( 38.791)	945	( 120.802)
<b>EBITDA starfspáttá</b> .....	<b>7.353</b>	<b>2.870</b>	<b>0</b>	<b>10.223</b>
Afskriftir starfspáttá .....	( 2.943)	( 824)	0	( 3.767)
Áhrif hlutdeildarféлага .....	73	136	0	209
<b>Rekstrarafkoma starfspáttá</b> .....	<b>4.483</b>	<b>2.182</b>	<b>0</b>	<b>6.665</b>
Hrein fjármagnsgjöld .....	( 1.549)	( 341)	0	( 1.890)
Tekjuskattur .....				( 922)
<b>Hagnaður tímabilsins</b> .....				<b>3.853</b>
<b>30. nóvember 2023</b>				
Eignir starfspáttá .....	54.365	22.150	0	76.515
<b>Eignir samtals</b> .....				<b>76.515</b>
Skuldir starfspáttá .....	40.002	9.516	0	49.518
<b>Skuldir samtals</b> .....				<b>49.518</b>
Fjárfestingar starfspáttá (nettó) .....	3.353	682	0	4.035

## SKÝRINGAR, FRH.:

7. Afskriftir	2024		2023	
	1.9.-30.11.	1.9.-30.11.	1.3.-30.11.	1.3.-30.11.
Afskriftir greinast þannig:				
Afskriftir rekstrarfjármuna .....	643	632	1.910	1.878
Afskriftir fjárfestingarfasteigna .....	( 16)	22	55	63
Afskriftir leigueigna .....	494	495	1.476	1.450
Afskriftir óefnislegra eigna .....	121	102	341	273
Hlutdeild í afskriftum Olíudreifingar ehf. ....	41	34	113	103
Afskriftir samtals .....	1.283	1.285	3.895	3.767

### 8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2024		2023	
	1.9.-30.11.	1.9.-30.11.	1.3.-30.11.	1.3.-30.11.
Vaxtatekjur af innstæðum og kröfum .....	72	31	169	61
Gengishagnaður .....	0	50	0	36
	72	81	169	97
Vaxtagjöld og verðbætur .....	( 424)	( 525)	( 1.527)	( 1.530)
Vaxtagjöld leiguskuldar .....	( 276)	( 181)	( 824)	( 457)
Gengistap .....	( 30)	0	( 11)	0
Fjármagnsgjöld samtals .....	( 730)	( 706)	( 2.362)	( 1.987)
Hrein fjármagnsgjöld .....	( 658)	( 625)	( 2.193)	( 1.890)

### 9. Leigueignir

Leigueignir og leiguskuldir samstæðunnar sem leigutaka eru eingöngu vegna húsnæðis. Leigueignir og leiguskuldir vegna lóðaleigusamninga eru ekki færðar. Upplýsingar um leiguskuldir má finna í skýringu 14.

Leigueignir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins:	30.11.2024	29.2.2024
Leigueignir í upphafi tímabils .....	11.252	8.287
Nýir samningar .....	0	1.722
Verðbætur .....	487	939
Afskriftir .....	( 1.476)	( 1.862)
Aðrar breytingar samninga .....	1.203	2.166
Leigueignir í lok tímabils .....	11.466	11.252

### 10. Vörubirgðir

Vörubirgðir greinast þannig:	30.11.2024	29.2.2024
Matvara .....	6.772	6.126
Sérvara .....	3.043	2.520
Eldsneyti .....	3.405	4.039
Vörur í flutningi .....	342	383
Vörubirgðir samtals .....	13.562	13.068
Niðurfærsla birgða í lok tímabils .....	341	228

## SKÝRINGAR, FRH.:

### 11. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	<b>30.11.2024</b>	<b>29.2.2024</b>
Viðskiptakröfur .....	5.779	5.189
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	( 280)	( 239)
Fjárfesting í P/F SMS* .....	5.191	0
Gjaldmiðlaskiptasamningur .....	143	69
Aðrar skammtímakröfur .....	313	437
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	<u>11.146</u>	<u>5.456</u>
Greiðslukortakröfur .....	1.325	778
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals .....	<u>12.471</u>	<u>6.234</u>

\* Sjá nánari upplýsingar í skýringu 19.

### 12. Eigið fé

Bundið eigið fé greinist þannig:	<b>Lög- bundinn varasjóður</b>	<b>Bundinn hlutdeildar- reikningur</b>	<b>Bundinn eiginfjár- reikningur</b>	<b>Bundið eigið fé samtals</b>
Bundið eigið fé 1. mars 2023 .....	283	6.974	33	7.290
Breyting á varasjóð .....	( 6)	0	0	( 6)
Áfallinn kostnaður v. kaupréttarsamninga .....	0	0	21	21
Breyting á hlutdeildarreikningi .....	0	536	0	536
Bundið eigið fé 30. nóvember 2023 .....	<u>277</u>	<u>7.510</u>	<u>54</u>	<u>7.841</u>
Bundið eigið fé 1. mars 2024 .....	277	8.597	54	8.928
Áfallinn kostnaður v. kaupréttarsamninga .....	0	0	29	29
Breyting á hlutdeildarreikningi .....	0	( 482)	0	( 482)
Bundið eigið fé 30. nóvember 2024 .....	<u>277</u>	<u>8.115</u>	<u>83</u>	<u>8.475</u>

### 13. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:	<b>Vegið meðaltal vaxta</b>		<b>Eftirstöðvar</b>	<b>Eftirstöðvar</b>
	<b>30.11.2024</b>	<b>29.2.2024</b>	<b>30.11.2024</b>	<b>29.2.2024</b>
Langtímaskuldir í ISK, óverðtryggðar .....	9,41%	8,42%	8.034	8.125
Langtímaskuldir í ISK, verðtryggðar .....	2,80%	2,80%	6.182	6.099
Skammtímaskuldir í erlendri mynt, DKK .....	5,28%	0,00%	3.907	0
Víxilskuldir í ISK .....	9,90%	10,32%	1.660	2.880
Vaxtaberandi skuldir, þ.m.t. næsta árs afborgun .....			<u>19.783</u>	<u>17.104</u>
Næsta árs afborganir vaxtaberandi skulda .....			( 6.027)	( 5.818)
Langtímaskuldir samtals .....			<u>13.756</u>	<u>11.286</u>

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

Afborganir innan árs .....	6.027	5.818
Afborganir eftir 1 til 2 ár .....	3.470	445
Afborganir eftir 2 til 3 ár .....	2.041	2.456
Afborganir eftir 3 til 4 ár .....	493	468
Afborganir eftir 4 til 5 ár .....	5.452	481
Afborganir síðar .....	2.300	7.436
Samtals .....	<u>19.783</u>	<u>17.104</u>

## SKÝRINGAR, FRH.:

### 13. Vaxtaberandi skuldir, frh.

Breyting vaxtaberandi skulda á tímabilinu greinast þannig:	30.11.2024	29.2.2024
Vaxtaberandi skuldir í upphafi tímabils .....	17.104	15.154
Ný langtímalán .....	2.560	2.000
Afborganir langtímalána .....	( 2.834)	( 443)
Breyting á víxilskuldum .....	( 1.220)	1.800
Breyting á skammtímaskuldum .....	3.890	( 1.800)
Verðbætur .....	266	393
Gengismunur .....	17	0
Vaxtaberandi skuldir í lok tímabils .....	19.783	17.104

### 14. Leiguskuldir

Leiguskuldir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins:	30.11.2024	29.2.2024
Leiguskuldir í upphafi tímabils .....	12.239	9.068
Nýir samningar .....	0	1.722
Afborgunarpáttur leigugreiðslna .....	( 1.262)	( 1.656)
Verðbætur .....	487	939
Aðrar breytingar samninga .....	1.203	2.166
Leiguskuldir, þ.m.t. næsta árs afborgun .....	12.667	12.239
Næsta árs afborganir leiguskulda .....	( 2.631)	( 2.579)
Leiguskuldir til langtíma í lok tímabils .....	10.036	9.660

Afborganir leiguskulda greinast þannig á næstu ár:

Afborganir innan árs .....	2.631	2.579
Afborganir eftir 1 til 2 ár .....	2.214	2.189
Afborganir eftir 2 til 3 ár .....	1.583	1.697
Afborganir eftir 3 til 4 ár .....	1.196	1.210
Afborganir eftir 4 til 5 ár .....	1.023	890
Afborganir síðar .....	4.020	3.674
Samtals .....	12.667	12.239

Heildarleigugreiðslur sem tengjast þeim leigusamningum sem færðir eru samkvæmt leigustaðli IFRS 16 námu 2.086 millj. kr. á tímabilinu (2023/24: 1.825 millj. kr.).

### 15. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	30.11.2024	29.2.2024
Tekjuskattur til greiðslu .....	968	864
Viðskiptaskuldir .....	15.452	13.095
Aðrar skammtímaskuldir .....	2.137	3.531
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals .....	18.557	17.490

## SKÝRINGAR, FRH.:

### 16. Félög í samstæðu

Dótturfélög í samstæðu Haga hf. voru sex í upphafi tímabils en sjö í lok þess. Dótturfélögin eru eftirfarandi:

	Staðsetning	Eignarhlutur	
		30.11.2024	29.2.2024
Hagar verslanir ehf. ....	Ísland	100%	100%
Olís ehf. ....	Ísland	100%	100%
Banana ehf. ....	Ísland	100%	100%
Noron ehf. ....	Ísland	100%	100%
Stórkaup ehf. ....	Ísland	100%	100%
Eldum rétt ehf. ....	Ísland	100%	100%
Hagar Wine B.V. ....	Holland	100%	0%

Nýtt dótturfélag Haga hf., P/F SMS í Færeyjum, verður hluti af samstæðu Haga á fjórða ársfjórðungi 2024/25, þ.e. frá og með 2. desember 2024. Sjá nánari upplýsingar í skýringu 19.

### 17. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar félagsins eru stórir hluthafar í félaginu, hlutdeildarfélag þess, lykilstjórnendur og stjórnarmenn. Viðskipti á milli félagsins og dótturfélaga þess, sem eru skilgreind sem tengdir aðilar, hafa verið færð út í samstæðureikningsskilum og eru ekki hluti af þessari skýringu.

#### Viðskipti við tengda aðila

Viðskipti við tengda aðila eru við hlutdeildarfélag og greinast þannig:

	2024		2023	
	1.9.-30.11.	1.9.-30.11.	1.3.-30.11.	1.3.-30.11.
Seldar vörur og þjónusta .....	56	172	245	363
Keyptar vörur og þjónusta .....	( 534)	( 889)	( 1.653)	( 1.991)
Viðskiptakröfur í lok tímabils .....			9	7
Viðskiptaskuldir í lok tímabils .....			( 164)	( 204)

### 18. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar eru eftirfarandi:

	2024	2023
	1.3.-30.11.	1.3.-30.11.
<b>Rekstur</b>		
Rekstrarhagnaðarhlutfall (rekstrarhagnaður fyrir afskriftir / vörusölu) .....	8,1%	7,8%
Hagnaðarhlutfall (hagnaður eftir skatta / vörusölu) .....	3,0%	3,0%
Launahlutfall (laun og launatengd gjöld / vörusölu) .....	9,7%	9,1%
Kostnaðarhlutfall (annar rekstrarkostnaður / vörusölu) .....	4,7%	4,2%
Veltuhraði birgða (kostnaðarverð seldra vara / meðalbirgðastaða) .....	10,5	10,0
Innheimtutími viðskiptakrafna í dögum .....	12,3	11,9
<b>Efnahagur</b>	<b>30.11.2024</b>	<b>29.2.2024</b>
Veltufjárhlutfall (veltufjármunir / skammtímaskuldir) .....	1,01	0,82
Lausafjárhlutfall ((veltufjármunir-birgðir) / skammtímaskuldir) .....	0,51	0,31
Skuldsetning (nettó vaxtaberandi skuldir / rekstrarhagnaður fyrir afskriftir) ..	2,3	2,1
Eiginfjárhlutfall (eigið fé / heildareignir) .....	35,4%	36,5%
Innra virði hlutfjár (eigið fé / hlutfé) .....	27,37	26,00

### 19. Kaup á öllu hlutafé P/F SMS í Færeyjum

Þann 22. október 2024 var greint frá því að Hagar hf. og eigendur P/F SMS í Færeyjum hefðu undirritað skilyrt samkomulag um kaup og sölu á öllu hlutafé í SMS. Þann 27. nóvember 2024 var endanlegur kaupsamningur vegna viðskiptanna undirritaður. Uppgjörsdagur viðskiptanna var mánudagurinn 2. desember 2024 og mun SMS því verða hluti af samstæðuuppjöri Haga á síðasta fjórðungi rekstrarársins 2024/25, þ.e. áhrifa í rekstri mun gæta frá og með þeim tíma auk þess sem eignarhlutur verður þá bókfærður.

Kaupverð (e. enterprise value) í viðskiptunum nam tæplega 467 mDKK og virði hlutafjár (e. equity value) tæplega 327 mDKK. Kaupverð byggði m.a. á rekstri og áætlunum SMS fyrir rekstrarárið 2024, en tekjur fyrir árið voru áætlaðar um 730 mDKK og hagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) um 63 mDKK. Kaupverð byggði einnig á mati á fasteignasafni SMS. Vert er að benda á að áhrifa leigustaðals IFRS 16 gætir ekki í uppgæfnum afkomutölum SMS. Hagar greiddu kaupverð með reiðufé að upphæð um 267 mDKK og afhendingu 13.867.495 hluta eigin bréfa að virði 60 mDKK í viðskiptunum. Hluti kaupverðs sem var í reiðufé var greiddur í lok 3. ársfjórðungs (á biðvörslu) en afhending bréfa fór fram þann 2. desember 2024, þ.e. í upphafi 4. ársfjórðungs. Hagar fjármögnuðu hluta kaupverðs með nýju 200 mDKK láni til 12 mánaða en unnið verður að langtímafjármögnun á næstu misserum.

SMS er leiðandi verslunarfélag í Færeyjum og rekur m.a. átta Bónus lágvöruverðsverslanir víða í Færeyjum, fjórar smærri dagvöruverslanir í Þórshöfn undir nafninu Mylnan og stórverslunina Miklagarður í Þórshöfn. SMS er einnig umsvifamikill í annarri starfsemi, m.a. rekstri stærstu verslunarmiðstöðvar Færeyja, fjölda veitingastaða, smávöruverslana, brauð- og kökugerðar, kjötvinnslu og líkamsræktarstöðva. Að auki á félagið fjölbreytt fasteignasafn sem telur um 11.000 m<sup>2</sup> sem er að mestu nýtt undir eigin starfsemi en að hluta leigt til þriðja aðila. Markmið kaupanna er að renna frekari stoðum undir og styrkja rekstur Haga á sviði dagvöruverslana og auka skilvirkni rekstrar og vöruúrval SMS í Færeyjum.

### 20. Söluferli Olíudreifing ehf.

Í apríl 2024 var tilkynnt um að Olís, dótturfélag Haga, ásamt meðeigendum sínum hefðu komist að samkomulagi um að hefja undirbúning sölumæðferðar á eignarhlutum félaganna í Olíudreifingu ehf. Í framhaldi af þeim undirbúningi var þann 26. september 2024 tilkynnt um að ákveðið hefði verið að hefja formlegt söluferli á eignarhlutunum. Olís á 40% eignarhlut en Olíudreifing er mikilvægt innviðafélag hvað varðar birgðahald og dreifingu eldsneytis á Íslandi. Borist hafa óskuldbindandi tilboð í félagið en ekki liggur fyrir nein víska á þessu stigi hvort framangreint ferli muni leiða til skuldbindandi tilboða í Olíudreifingu, sem gæti lokið með sölu á félaginu.